

Nd.

356. Frumvarp til laga

[143. mál]

um afnám laga nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Flm.: Eðvarð Sigurðsson, Hannibal Valdimarsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Lög nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um verkfall opinberra starfsmanna voru sett árið 1915 og hefur ekki verið breytt síðan. Samtök opinberra starfsmanna hafa þó aldrei fallizt á, að lagasetning þessi sé réttmæt, og hafa þau jafnan gert kröfu til þess, að lögin, sem kveða á um viðurlög við því, að opinberir starfsmenn geri verkfall, verði afnumin. Þing Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafa oft samþykkt áskoranir á Alþingi um afnám laganna, og á síðasta þingi bandalagsins í des. 1958 var gerð eftirfarandi ályktun:

„19. þing B. S. R. B. telur óviðunandi, að opinberir starfsmenn hafi ekki samningsrétt um launa- og kjaramál sín til jafns við aðra launþega. Felur þingið bandalagsstjórn að vinna að því eftir mætti að ná þeim réttindum.“

Þessar réttindakröfur samtakanna hafa verið bornar fram á þeim tíma, þegar þau hjuggu þó við lögverndaðan rétt til vísitöluuppbóta á laun, sem var nokkur vernd gegn kjararýrnun í vaxandi dýrtíð. Síðan hefur orðið gagnger breyting á aðstöðu opinberra starfsmanna í kjaramálum. Með þeim lögum, sem ríkisstjórnin fékk sett í febr. s. l., hafa vísitöluuppbætur á laun verið bannaðar, og verða opinberir starfsmenn nú að bera þá stórfelldu kjaraskerðingu, sem fyrrgreind lög valda með verðhækkunum, er af þeim leiðir, án þess að þeir eigi þess nokkurn kost að fá kjör sín bætt með styrk samtaka sinna svo sem aðrar stéttir. Auk þess er það yfirlýst stefna núverandi stjórnarvalda, að kjarabætur, sem einstakir starfshópar kunna að ná fram, eigi ekki að leiða til sjálfkrafa kjarabóta hjá öðrum. Getur því hver starfsstétt einungis treyst á eigin kjarabaráttu, en þá kjarabaráttu er opinberum starfsmönnum meinað að heyja á sama grundvelli og aðrir þjóðfélagsþegnar. Þeir eru því algerlega varnarlausir í þeirri óðaverðbólgu, sem nú hefur verið hrundið af stað, og telja flm. þessa frv. því, að það sé réttlætismál, að opinberir starfsmenn fái óheftan samningsrétt og verkfallsrétt til jafns við aðrar stéttir.